

119
30. nóv.

Reglugjörð

um frestun á framkvæmd ákvæða um sykursæðla.

Samkvæmt lögum 1. febrúar 1917, um heimild fyrir landsstjórnina til ýmsra ráðstafana útaf Norðurálfuófriðnum, eru sett eftirfarandi ákvæði.

1. gr.

Framkvæmd á ákvæðum 3. gr. reglugjörðar 5. september 1917, um notkun mjölvöru og um sölu á landssjóðssykri, er frestað fyrst um sinn.

2. gr.

Reglugjörð þessi öðlast þegar gildi.

Þetta birtist öllum þeim til eftirbreytni, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 30. nóvember 1917.

Sigurður Jónsson.

Jón Hermannsson.